

Ísafirði 2. desember 2015

Ágæta stjórn deildar/félags

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2015 verður útnefndur 24. janúar 2016. Það er íþrótt- og tómstundanefnd sem sér um valið. Nefndin óskar eftir tilnefningu frá ykkar félagi og þarf hún að berast fyrir **miðvikudaginn 6. janúar í lokuðu umslagi til HSV**. Reglur um val íþróttamanns Ísafjarðarbæjar má sjá á fylgiskjali.

**Upplýsingar sem beðið er um:**

Við valið er tekið tillit til afreka á yfirstandandi ári, félagslegs styrks íþróttamannsins og þess hvernig fyrirmynd hann er börnum og unglingum í bæjarfélaginu.

Fram þarf að koma nafn, heimilisfang og kennitala íþróttamannsins, hve lengi hann hefur æft hjá félaginu, hve lengi hann æfði á árinu, helsti árangur og titlar sem hann vann á árinu, upplýsingar um félagslega hlið íþróttamannsins og önnur atriði sem þið teljið að lýsi íþróttamanninum sem best. Nefndin óskar eftir afrekaskrá íþróttamannsins og rökstuðningi félagsins fyrir tilnefningunni. **Þá þarf að útbúa stuttan kynningartexta, u.þ.b. 6 línur í 14 punkta letri, en hann verður lesinn upp við útnefninguna.**

Vakin er athygli á breytingum í reglum fyrir vali á Íþróttamanni ársins m.a. verður nú einnig valinn efnilegasti íþróttamaðurinn og veitt hvatningarverðlaun.

Þá hefur verið gerð breyting á 2. grein reglugerðarinnar á þann veg að fjölgreinafélög hafi möguleika til að tilgreina einn úr hverri deild.

Vinsamlegast hafið upplýsingarnar sem nákvæmastar svo hægt verði að styðjast sem best við þær við valið á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2015 og sendið HSV fyrir **6. janúar**. Vandíð kynningartexta sem lesa skal upp á hátíðinni. Hvorki er tekið við munnlegum tilnefningum né tilnefningum sem berast eftir síðasta skiladag. Það er á ábyrgð íþróttafélaganna að boða þann íþróttamann sem tilnefndur er á hátíðina. Jafnframt þarf félagið að láta boð ganga til stjórnar og annarra félaga þess efnis að allir séu velkomnir.

**Margrét Halldórsdóttir**  
**Sviðsstjóri Skóla- og tómstundasviðs**